

Skipulags- og byggingarfulltrúi Borgarbyggðar
Ráðhús, Borgarbraut 14
Borgarnesi
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140200098/ksj

Tillaga að deiliskipulagi Urðarfellsvirkjunar.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Urðarfellsvirkjunar.

Í ofangreindu deiliskipulagi er gert ráð fyrir smávirksjun sem virkjar fall Deildargils sem rennur í Hvítá. Um er að ræða 1000 kW virksjun sem fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er því tilkynningaskyld. Fram kemur í greinargerð að niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir um að virksjunin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Hér er um að ræða 1000 kW rennslisvirkjun sem nýtir vatn sem leitt var í veituskurði yfir í Ásgil úr farvegi Deildargils árið 1955. Slóðar liggja nú þegar lang leiðina að fyrirhuguðu stíflustæði. Nýlagning vega er áætluð 900 m og styrking núverandi slóða um 4000 m. Efnispörf í slóðagerð er áætluð um 1000 m³. Efnið verður tekið ú námu við Hálsasveitarveg. Stífla verður steinsteypt um 3 m að hæð. Ráðgert er að inntakslón verði innan við 3000 m² að flatarmáli. Lengd fallpípu er áætluð 3250 m. Stöðvarhús verður allt að 80 m² að flatarmáli.

Náttúruminjar

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 206 á náttúruminjasrá, Húsafell. Í náttúruminjasrá kemur fram að náttúruverndargildi svæðisins er vegna þess að þar er: *Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði.* Þar af leiðandi er mikilvægt að við framkvæmdir verði þess gætt að forðast allt óþarfa rask, og að vandað verði til verka.

Birkikjarr

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu fer fallpípa virksjunarinnar um Reyðarfellsskóg sem er á náttúruminjasrá. Áhrif ofangreindrar framkvæmdar verða helst á neðri hluta pípuleiðarinnar þar sem hún liggur um birkikjarr, en mikilvægt er að við framkvæmdir verði forðast að raska birkikjarr eini og kostur er. Mikilvægt er að fallpípan verður lögð framhjá samfellda skóginum eins og fram kemur í greinargerð. Umhverfisstofnun telur að í stað þess að fella birki skuli reynt að taka hríslurnar upp með nægjanlega stórum hnaus þannig að

mögulegt verði að nýta hríslurnar til frágangs á röskuðum svæðum.


Sjónræn áhrif


Í umhverfisskýrslu kemur fram að reynt verður að sporna við neikvæðum sjónrænum áhrifum s.s. að fella stöðvarhúsið mest inn í bakkann og láta það standa lágt. Stofnunin telur að helstu neikvæðu sjónrænu áhrif umræddrar framkvæmdar gæti orðið áhrif vegna lagningar fallpípu. Fram kemur að sem mótvægisáðgerð verði tryggt að rennsli vatns eftir yfirborðinu verði eðlileg og að rof myndist ekki. Umhverfisstofnun telur að við frágang á pípuleiðinni eigi að leitast við að fella röskuð svæði að landi þannig að ekki myndist sýnilegir hryggir.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu verða neikvæð umhverfisáhrif af framkvæmdum vegna Urðarfellsvirkjunar í landi Húsafells. Í umhverfisskýrslu er farið yfir mótvægisáðgerðir sem eiga að draga úr hinum neikvæðu áhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að vandað verði til verka við framkvæmdirnar og forðast verði allt óþarfa rask. Einnig er að mati stofnunarinnar lykilatriði hvað varðar umhverfisáhrif að staðið verði við þær mótvægisáðgerðir sem fjallað er um í umhverfisskýrslu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

